

Fundur í fjallskiladeild Rangárvallaafréttar

Staður og stund: Fundarsalur í Miðjunni Hellu 23 ágúst 2018, kl. 20:00.

Mættir voru: Steinn Másson formaður, Sigríður Heiðmundsdóttir, Ingvar Magnússon, Magnús Ingvarsson, Ársæll Jónsson, Viðar Steinarsson og Ingimar Ísleifsson. Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Kosning tveggja fulltrúa í fjallskilanevnd og tveggja til vara.

Tilnefndir voru Ársæll Jónsson og Ingimar Ísleifsson sem aðalmenn og til vara Viðar Steinarsson og Magnús Ingvarsson.

Samþykkt samhljóða.

2. Rekstur deildarinnar árið 2017

Farið yfir helstu rekstrarliði ársins 2017. Þá var einnig farið yfir fjárfjölda ársins 2017 en alls var rekið á fjall 691 fullorðið sem skiptist svo:

Sólvellir: 315 ær

Kaldbakur: 141 ær

Eystra-Fróðholt: 37 ær

Hjarðarbrekka: 163 ær.

Minna-Hof: 35 ær

2. Skipulag gangna og réttarstarfa

Steinn Másson mun skipuleggja leitir haustsins í samráði við stjórnina en gert er ráð fyrir sama mannskap og verið hefur undanfarin ár og svipuðu fyrirkomulagi. Reikningar deildarinnar sýna hversu mikilvægt er að laða ferðamenn með í leitir því þar verða til góðar tekjur. Umræður urðu um leiðir til þess og ákveðið að leggja fram tillögur í þeim efnum á næsta fundi stjórnar.

3. Önnur mál

3.1 Samráðsfundur um smölun.

Greint var frá samráðfundi vegna smölunar Holtamanna-, Landmanna-, Rangárvalla-, Fljótshlíðar og Hvolhreppsafρέtta sem fram fór 2 ágúst sl. Þar voru lagðar fram tillögur um að samræma betur smalanir afρέtta og standa vonir til að þetta geti orðið til mikilla bóta þegar í haust.

3.2 Raunkostnaður við smalanir

Lögð var fram ósk til sveitarstjórnar Rangárþings ytra um að gerður yrði útreikningur á því hver raunkostnaður er við smölun Rangárvallaafρέttar og beitarvæða sem tilgreind eru sem afréttir. Óskað er eftir að greint verði hve mörg dagsverk þarf til smölunar og hvaða vísitölu raunkostnaðurinn þarf að fylgja.

Ekki voru önnur mál rædd formlega.

Fundargerð yfirlésin og samþykkt

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 21:30

Steinn Másson
Ársæll Jónsson
Ingimar Ísleifsson
Sigríður Heiðmundsdóttir
Ingvar Magnússon
Viðar Steinarsson
Ágúst Sigurðsson